



7. STURLUNGAÖLD OG FALL ÞJÓÐVELDISINS

Bls 57–63

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- þeirri valdabaráttu sem átti sér stað á 13. öld
- að landið skiptist að mestu í héraðsríki fimm valdaætta
- að Noregskonungur hugðist leggja undir sig landið
- að Noregskonungur leit á Norður-Atlantshaf sem sitt áhrifasvæði
- að margir íslenskir höfðingjar gerðust hirðmenn konungs
- að margar stórorrustur áttu sér stað héraðs vegna valdabaráttu höfðingja
- að konungur reyndi að fá hirðmenn sína til að koma landinu undir sig
- að bændur samþykktu á Alþingi að ganga Noregskonungi á hönd
- að Íslendingar og konungur gerðu með sér samning um réttindi og skyldur

Kennsla

Gera skal nemendum grein fyrir því að mikil valdabaráttu átti sér stað á milli héraðshöfðingja sem reyndu að ná sem mestum völdum í landinu. Margir þeirra gerðust hirðmenn Noregskonungs.

Mikilvægt er segja nemendum frá viðleitni Noregskonungs til að komast yfir Ísland en það var hluti af stefnu hans að ná undir sig landsvæðum í Norður-Atlantshafi sem byggð voru norrænum mönnum.

Greina skal nemendum frá því að valdabaráttan hafi leitt til mikilla bardaga héraðs (Sturlungaöld) sem að lokum leiddi til þess að Alþingi samþykkti að landsmenn skyldu ganga Noregskonungi á hönd. Gerður var samningur (Gamli sáttmáli) þar sem réttindi og skyldur Íslendinga og konungs koma fram. Ísland varð skattland konungs.

Til fróðleiks

Helstu atriði Gamla sáttmála

Gamli sáttmáli er samningur sem Noregskonungur gerði við Íslendinga árin 1262–64. Ísland gerðist skattland konungs en var ekki innlimað í norska ríkið. Íslendingar urðu þegnar konungs. Innihald samningsins var eftirfarandi:

Íslendingar ...

- hétu að greiða konungi skatt
- samþykktu að hafa yfir sér jarl
- hétu að halda trúnað við konung

Konungur ...

- skyldi tryggja frið í landinu
- átti að tryggja komu sex skipa árlega frá Noregi til Íslands
- skyldi tryggja að Íslendingar gætu innheimt arf eftir ættingja sína í Noregi
- felldi niður landaura gagnvart Íslendingum (skattur sem menn greiddu við komu til Noregs)
- átti að tryggja að Íslendingar nyttu allra réttinda sem þeir höfðu áunnið sér



Til fróðleiks

Áhrifasvæði Noregs

Með áhrifasvæði er átt við að tiltekið ríki (í þessu tilfelli Noregur) sé í krafti áhrifa eða valds ráðandi á tilteknu svæði (í þessu tilfelli norðanvert Atlantshaf) þrátt fyrir að það tilheyri strangt til tekið ekki viðkomandi ríki.

Umræður

- Hvað veistu um Snorra Sturluson?
- Noregskonungur hafði áhuga á því að eignast Ísland. Af hverju? Hvernig heldur þú að hann hafi reynt að komast yfir landið?
- Ísland hafði að mestu komist undir stjórn nokkurra íslenskra valdaætta? Hver er ástæða þess?
- Hver telur þú að sé ástæðan fyrir því að margar orrustur áttu sér stað á Íslandi á þessum tíma? Hver heldur þú að hafi farið verst út úr þessum bardögum?
- Hvernig gerðist það að Íslendingar komust undir stjórn Noregskonungs?

Verkefni

- Skrifaðu frétt sem segir frá drápinu á Snorra Sturlusyni. Gættu þess að láta það koma fram hvaða ástæður kunna að hafa legið fyrir morðinu.
- Skrifaðu minningargrein um Snorra Sturluson. Þú þekktir hann mjög vel og ert náinn vinur eða ættingi.
- Semdu myndasögu sem segir frá Snorra Sturlusyni og för hans til og frá Noregi. Láttu hugsanir Snorra koma fram eins og þú sérð þær fyrir þér.
- Útbúa veggspjald með samþykktum "Gamla sáttmála" Hvað lofaði Noregskonungur að gera fyrir Íslendinga ef þeir gerðust þegnar hans og skattland. Þjóðveldið var fallið í hendur Noregs með undirritun þessa samnings 1262.
- Hópverkefni þar sem sagt er frá í máli og myndum helstu bardögum í lok þjóðveldisins.

- ◆ **Bæjarbardagi** – Barátta um völd í ætt Sturlunga þegar þeir Sturla og Snorri börðust um völdin. Snorri sendi fulltrúa sinn en hann vildi ekki berjast sjálfur.
- ◆ **Örlygsstaðabardagi** – (Sturlungarnir Sturla og Sighvatur börðust gegn bandalagi Gissurar Haukdælings og Kolbeins unga Ásbirnings) Sturlungar töpuðu og voru drepnir. Kolbeinn tók yfir landsvæði Sturlunga.
- ◆ **Flóabardagi** – Þórður kakali, sem var af Sturlungaætt, reyndi að endurheimta veldi þeirra og fór að Kolbeini sem hafði tekið yfir Norður- og Vesturland eftir Örlygsstaðabardaga. Sigldi frá Vestfjörðum og á Húnaflóa var orrustan háð aðallega með grjótkasti. Kolbeinn náði að hrekja Þórð í burtu enda með fjölmennara lið.



- ◆ **Hauganesbardagi** – Þórður kakali reyndi aftur að endurheimta ríki Sturlunga og barðist við Brand og hafði sigur. Mannskæðasti bardagi sögunnar.
- ◆ **Flugumýrabrenna** – Gissur og Sturla Þórðarson ná sáttum um skiptingu landsins milli þeirra tveggja með því að gefa saman börn þeirra í hjónaband. Sturlungar ekki sáttir við þetta og brenna bæinn og allt heimilisfólkið. Gissur bjargast í sýrukeri.

Kort

- Skoðaðu kortið á bls 62 í kennslubókinni. Hvar var barist á Þjóðveldisöld og af hverju?

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



7. STURLUNGAÖLD OG FALL ÞJÓÐVELDISINS – VERKEFNI

Bls 57–63

1. Af hverju er tímabilið sem fjallað er um í þessum kafla kallað Sturlungaöld?

2. Hvenær er Sturlungaöld talin hefjast? Við hvað er miðað?

3. Hvernig tengdist Ísland útpensluhugmyndum Noregskonungs?

4. Hvernig gekk konungi að fá Snorra Sturluson til að koma Íslandi undir norsku krúnuna?



5. Hvern fékk konungur næst til að leggja landið undir sig? Hvað breyttist við það?

6. Af hverju sagði konungur að Snorri væri réttdræpur?

7. Segðu frá brúðkaupinu að Flugumýri haustið 1253. Hvernig gekk veislan fyrir sig?

8. Hvaða kallaðist sáttmálinn sem Íslendingar gerðu við Noregskonung? Hvað segir sáttmálinn um stöðu Íslands á þessum tíma?



7. STURLUNGAÖLD OG FALL ÞJÓÐVELDISINS – LAUSNIR

1. Sturlungar náðu að byggja upp mikið veldi á Vestur- og Norðurlandi enda voru þeir um tíma langvaldamesta ætt landsins. Þeir gengu manna lengst í því að brjótast til valda enda voru helstu vígaferli Sturlungaaldar háð að þeirra frumkvæði. Það er því ekki að ástæðulausu sem þetta mesta ófriðartímabil í íslenskri sögu er kennt við þessa miklu valdaætt.
2. Það er venja að miða upphaf Sturlungaaldar við 1220 þegar Snorri Sturluson lofaði að koma landinu undir norsku krúnuna eftir að hafa gerst hirðmaður konungs.
3. Noregskonungar höfðu lengi sýnt Íslandi áhuga enda virðist það hafa verið metnaðarmál þeirra að koma öllu norrænu fólki sem byggði lönd á Norður-Atlantshafi undir sína stjórn. Frá því að landvinningar Norðmanna hófust á víkingaöld höfðu þeir komist yfir Færeyjar, Hjaltland, Mön, Orkneyjar og Suðureyjar. Einu norrænu byggðirnar á þessum slóðum sem ekki lutu valdi Noregskonungs voru Grænland og Ísland.
4. Snorri virðist hafa lagt lítið upp úr að sinna erindi konungs. Hann gerðist hins vegar sjálfur helsti héraðshöfðingi landsins.
5. Valdabarátta Sturlungaaldar komst á nýtt stig eftir að Sturla Sighvatsson, bróðursonur Snorra, gerðist hirðmaður konungs árið 1235 og lofaði að koma landinu undir hann.
6. Æðsti hirðmaður konungs, Skúli jarl, gerði uppreisn gegn honum árið 1239. Snorri Sturluson dvaldi hjá Skúla um þær mundir en þeim var vel til vana. Snorri vildi fara til Íslands og vitja eigna sinna en konungur bannaði honum að yfirgefa Noreg. Snorri virti farbann konungs að vettugi og gekk til skips með orðunum: „út vil ég“. Konungur taldi Snorra því hafa svikið sig.
7. Höfuðandstæðingar Gissurar voru Sturlungar. Gissur náði sáttum við einn af helstu leiðtogum þeirra og skyldi sættin staðfest með hjónabandi barna þeirra. Var mikil veisla haldin í tilefni þess að Flugumýri. Ekki voru allir Sturlungar jafn ánægðir með ráðahaginn og vildu þeir hinir sömu koma Gissuri fyrir kattarnef. Gerði hópur þeirra aðför að Flugumýrarmönnum með því að kveikja í bæjarhúsum. Fjöldi brúðkaupsgesta beið bana en Gissur náði á ævintýralegan hátt að bjarga lífi sínu með því að felast í syrukeri.
8. Gamli sáttmáli. Hann bar vott um að Íslendingar gátu ekki staðið á eigin fótum. Þeim tókst ekki að halda frið í landinu þar sem ekkert yfirvald var til staðar til að gæta hans. Meginhlutverk stjórnvalda er að skapa þegnum sínum öryggi en þar sem þjóðveldið skorti framkvæmdavald gat það ekki sinnt þeirri skyldu. Þá virðast Íslendingar ekki hafa getað haldið uppi samgöngum við önnur lönd. Krafa um að konungur tryggði siglingar til landsins bar vitni um að þjóðin ætti ekki lengur yfir skipum að ráða. Hún er jafnframt til vitnis um að erlendum kaupmönnum hefur ekki þótt það spennandi kostur að sigla hingað.